



## Svar við fyrirspurn 5/2018 um aðgerðir til að draga úr matarsóun á Norðurlöndum; sem Norræna sjálfbærnefndin beindi til Norrænu ráðherranefndarinnar

„Norðurlandaráð hefur á undanförunum árum samþykkt fjölda tilmæla til að stuðla að norrænu samstarfi um aðgerðir til að draga úr matarsóun. Á fundi sínum í Stokkhólmi 24. janúar 2018 ræddi nefndin hvernig mætti halda þessu starfi áfram.

Nefndin hefur m.a. veitt mikla athygli frétt frá samtökunum WRAP (The Waste and Resources Action Programme) sem tilgreinir að þær aðgerðir sem hafa verið innleiddar í Bretlandi til að bæta merkingar matvæla hafi átt sinn þátt í að draga úr matarsóun árið 2015 um sem nemur 150.000 tonnum.

Með hliðsjón af framangreindu viljum við beina eftirfarandi fyrirspurn til Norrænu ráðherranefndarinnar:

1. Er til tölulegar upplýsingar um árangur ólíkra aðgerða á Norðurlöndum til að draga úr matarsóun?
2. Hefur Norræna ráðherranefndin kannað hvort árangursríku aðgerðirnar í Bretlandi gegn matarsóun, sem vísað er til hér á undan, mætti aðlaga og framkvæma hér á Norðurlöndum?”

1.

Gripið hefur verið til fjölmargra aðgerða af hálfu stjórnámálanna og ekki síst matvælaíðnaðarins síðan matarsóun komst á pólitíska dagskrá á Norðurlöndunum í upphafi annars áratugar þessarar aldar. Ein mikilvægra aðgerða var að koma á fót mælikerfum til að meta magn matarsóunar og með nokkrum nýjum mælingum sem birtar voru á árinu 2018 liggur nú ljóst fyrir að þessi mörgu verkefni eru virkilega byrjuð að hafa áhrif á matarsóun á Norðurlöndum.

Í Danmörku sýna mælingar frá dönsku umhverfisstofnuninni, *Miljøstyrelsen* (apríl 2018), að heildarmatarsóun á heimilum hefur minnkað um 8% úr 261.000 tonnum árið 2011 í 243.000 tonn árið 2017. Talan nær yfir að á meðan heimili í íbúðarhúsnæði hafa minnkað matarsóun um 24% hefur matarsóunin aukist á heimilum í einbýlishúsum. Gögn eru ekki fáanleg sem lýsa þróun matarsóunar í matvöruverslunum, matvælaíðnaði o.s.frv.

Í dönsku mælingunum er matarsóun skilgreind sem matarúrgangur sem hefði verið hægt að borða en var ekki borðaður – t.d. úrgangur sem er hent. Annar matarúrgangur, svo sem kartöfluflus og eplakjarnar, er ekki meðtalinn. Drykkjarvörur og matur sem hellt er í niðurföll telst heldur ekki með.

Í Noregi sýna mælingar úr átaksverkefni matvælaíðnaðarins, *Mattvett* (á vegum

*Østfoldforskning*, október 2018), að heildarmatarsóunin á heimilum hefur minnkað um u.þ.b. 9% úr 243.000 tonnum árið 2010 í 224.000 tonn árið 2015.

Sóun í matvöruverslunum, matvælaiðnaði<sup>1</sup> og heildsölu hefur minnkað um 14% á tímabilinu 2010–2015 og til viðbótar um 13% á tímabilinu 2015–2017.

Í norsku mælingunum er matarsóun flokkuð á sama hátt og í Danmörku, þó með þeirri undantekningu að drykkjarvörur eru teknar með í gögnum um matvælaiðnað, matvöruverslun og heildsölu (en ekki með í tölum um heimilin). Matarsóun nær einnig til matvæla sem notuð eru í dýrafóður (til viðbótar við lífgas, jarðgerð og brennslu).

Í Svíþjóð sýna mælingar frá sænsku náttúruverndarstofnuninni, *Naturvårdsværket* (maí 2018), að matarúrgangur frá sænskum heimilum hefur minnkað um 3% á mann úr 100 kg á mann eða alls 941.000 tonnum árið 2014 í 97 kg á mann eða alls 938.000 tonn árið 2016. Fyrri mælingar eru ekki samanburðarhæfar vegna breyttra reikniaðferða. Í matvöruverslunum og matvælaiðnaði er áætlað að matarúrgangur hafi minnkað úr 216.000 tonnum árið 2012 í 75.000 tonn árið 2016. Breyttur skilningur á því sem flokkast sem matarúrgangur getur átt þátt í þessari verulegu minnkun. Talið er að veruleg minnkun hafi orðið í verslun og iðnaði.

Í sænsku mælingunum er matarúrgangur skilgreindur sem matarleifar og sá hluti matvæla, sem undir venjulegum kringumstæðum er ekki hægt að borða eins og bananahýði og kaffikorgur. Sóun fljótandi matvæla sem hellt er í niðurföll telst einnig vera matarúrgangur.

Í Finnlandi sýna mælingar frá *Foodspill* (2012) að matarsóunin nemur á bilinu 335.000 tonn og 460.000 tonn. Sóun á heimilum nemur 30%, í verslun 18%, í matvælaiðnaði 20% og í veitingaþjónustu 20%. 12% sóunarinnar á sér stað í frumframleiðslugeiranum. Árið 2012 fóru til spillis 20% allra matvæla sem fóru í gegnum veitingaþjónustu á meðan einungis 6% allra matvæla sem fóru í gegnum heimili fóru til spillis. Því mætti gera ráð fyrir að draga mætti úr sóun í veitingaþjónustu. Nýjar tölur frá *Wastimator* (2017) sýna bættu stöðu í veitingaþjónustu, þar sem nú fara 17% til spillis, en það samsvarar minnkun um 10.000 tonn síðan árið 2010. Nú eru í gangi nýjar rannsóknir á matarsóun í Finnlandi, sem frá árinu 2019 munu skila nýjum gögnum og leiðarvísni til að draga úr matarsóun í matvælakeðjunni í Finnlandi.

Í finnsku mælingunum er matarsóun skilgreind sem matarúrgangur sem hefði verið hægt að borða en var ekki borðaður.

Engin gögn eru fáanleg um matarsóun á Íslandi.

---

<sup>1</sup> (að undanskilinni fiskvinnslu)

2.

Allir sem vinna með matarsóun á Norðurlöndum leita innblásturs í breska verkefninu WRAP, ekki síst til starfsgreinasamninga þeirra og ítarlegrar vinnu WRAPs með upplýsingar til neytenda. Þau svið sem Norðurlöndin hafa átt samstarf um í matarsóunarverkefninu eru þó ekki þau svið sem WRAP á þeim tíma vann mest með: frumframleiðslu, geymsluþolsmerkingar og gjafir. Á þessum þremur sviðum hafa Norðurlöndin verið í fremstu röð og gátu því lítið lært af starfinu í Bretlandi. Varðandi söfnun gagna er norska samstarfið um málefni tengd matarsóun í verkefninu *Mattvett* í fararbroddi í Evrópu.

Takið eftir að WRAP eru síðan í febrúar 2019 byrjaðir að vinna á breiðari grundvelli með sjálfbærar matarvenjur með því – auk matarsóunar – að taka með vinnu með „healthy and sustainable eating“.